

Stafrænt ráð sveitarfélaga

Afgreiðsla sveitarfélaga á tillögu um miðlægt tækniteymi hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Norðurþing	Byggðarráð, 07.01, liður 6 á dagskrá	„Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu frá stafrænu ráði sveitarfélaga.“
Akureyrarbær	Bæjarráð, 07.01, liður 4 á dagskrá	Bæjarráð samþykkir ofangreindar tillögur með fimm samhljóða atkvæðum.
Grýtubakkahreppur	Sveitarstjórn, 11.01, liður 7 á dagskrá	Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu, hluti hreppsins kr. 249.765,- rúmast innan fjárhagsáætlunar.
Dalvíkurbyggð	Byggðarráð, 07.01, liður 5 á dagskrá	Byggðarráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að Dalvíkurbyggð verði aðili að miðlægu tækniteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga og samþykkir jafnframt ofangreinda tillögu frá stafrænu ráði sveitarfélaga, liði 1. - 3. Vísað til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.
Svalbarðsstrandarhreppur	Sveitarstjórn 11.01 liður 6 á dagskrá	Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í stofnun miðlægs tækniteymis sveitarfélaga vegna stafrænnar þróunar.
Pingeyjasveit	Sveitarstjórn 14.01 liður 4 á dagskrá	Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu, hluti sveitarfélagsins er kr. 316.786 og rúmast innan fjárhagsáætlunar 2021.
Eyjafjarðarsveit	Sveitarstjórn 14.01 liður 14 á dagskrá	Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu og er hlutur sveitarfélagsins á árinu 2021 kr. 350.000.-. Kostnaði verður mætt með lækkun á handbæru fé.
Skútustaðahreppur	Sveitarstjórn 13.01 liður 6 á dagskrá	Miðað við liði 1 og 2 í tillögunni er gert ráð fyrir greiðslu Skútustaðahrepps upp á 265.149 krónur Samþykkt
Hörgársveit	Sveitarstjórn 28.01 liður 8 á dagskrá	Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur hafið undirbúning á stafrænni þróun sveitarfélaganna og er öllum sveitarfélögum gefinn kostur á þátttöku. Sveitarstjórn samþykkti að taka þátt í verkefninu og er hlutur Hörgársveitar á árinu 2021 kr. 285.483,-. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.
Svalbarðshreppur		Símtal við oddvita 27.01, Svalbarðshreppur ætlar að vera með, staðfesting kemur í tölvupósti.
Langanesbyggð	Sveitarstjórn 21.01 liður 10 á dagskrá	Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að taka þátt í samráði sveitarfélaga í landinu um innleiðingu stafrænnar upplýsingatækni og framlag að upphæð kr. 264.748 á þessu ári til verkefnisins. Fjárveiting verði tekin af sameiginlegum kostnaði sveitarfélagsins.
Fjallabyggð	Bæjarráð 19.01 liður 4 á dagskrá	Bæjarráð samþykkir greiðslu kr. 468.354 vegna miðlægs tækniteymis sambandsins, verði af stofnun þess. Kostnaði verður vísað til viðauka nr. 1/2021 við málaflökk 21730 og lykill 4390 við fjárhagsáætlun 2021 sem mætt verður með lækkun á handbæru fé og vísar honum til umfjöllunar og afgreiðslu bæjarstjórnar.

Tillagan

Á 891. fundi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga þann 20.11 2020 var eftirfarandi fært til bókar.

Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 3. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 4. nóvember 2020. Einnig lögð fram glærुकyning um fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna. Sævar Freyr Þráinsson, formaður ráðsins og Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu komu inn á fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir greinargóða kynningu á vinnu sem er til mikillar hagsbótar fyrir sveitarfélögin.

Stjórnin er jákvæð fyrir því að stofnað verði miðlægt tækniteymi sambandsins sem kostað verði af sveitarfélögum skv. tillögu um kostnaðarþátttöku árið 2021. Forsenda þess að teymið verði stofnað er að meginþorri sveitarfélaga taki þátt í verkefninu en mikilvægt er að kynna það vel fyrir sveitarfélögum á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé tímabundið, til tveggja ára fyrst um sinn, með mögulegri framlengingu.

Stjórnin samþykkir einnig tillögu um feril ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val á forgangsverkefnum og leggur áherslu á að ferlið verði kynnt vel fyrir öllum sveitarfélögum.

Tillaga í þremur liðum

1. Að stofnað verði miðlægt tækniteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga (árlegur kostnaður 45 mkr.) sem sinna mun innleiðingu rafrænna lausna, gagnauppbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum landsins eins og nánar er útlistað í kynningunni.
2. Að sveitarfélög greiði fjárhæð sem er 200.000 kr. föst fjárhæð og svo m.v. íbúafjölda sem skipti framangreindri fjárhæð 45 mkr á milli sveitarfélaganna. Ársgreiðslur fyrir Norðausturland væru eftirtaldar:

Norðurland eystra		30.558	
6000	Akureyrarbær	19.101	2.755.252
6100	Norðurþing	3.057	608.953
6250	Fjallabyggð	2.006	468.354
6400	Dalvíkurbyggð	1.867	449.760
6513	Eyjafjarðarsveit	1.073	343.541
6515	Hörgársveit	639	285.483
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	448	259.932
6602	Grýtubakkahreppur	372	249.765
6607	Skútustaðahreppur	487	265.149
6611	Tjörneshreppur	58	207.759
6612	Þingeyjarsveit	873	316.786
6706	Svalbarðshreppur	93	212.441
6709	Langanesbyggð	484	264.748

3. Að formlegt samþykktarferli verði fyrir sveitarfélög á vali á forgangsverkefnum notað einu sinni til tvisvar á ári. Sjá mynd á glæru 6 í kynningu.